

Lög

um

þyngd bakarabrauða.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjarstjórnnum og sveitarstjórnnum veitist heimild til að ákveða með samþykkt þyngd bakarabrauða, hver í sínum kaupstað eða sveit, og skal bökurum óheimilt að selja brauð með öðrum þunga, en ákveðinn verður með tjeðri samþykkt.

Þó skal það ekki teljast brot á samþykktum þessum, þótt einstök brauð sjeu 4 % ljettari eða þyngri en samþykktin tiltekur, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1 %.

2. gr.

Samþykktir eftir lögum þessum öðlast ekki gildi fyr en stjórnarráðið hefir staðfest þær, og skulu þær birtar í B deild stjórnartíðindanna.

3. gr.

Í samþykktum þeim, er settar verða samkvæmt lögum þessum, má meðal annars ákveða sektir 25—500 krónur fyrir brot. Sektir allar renna í bæjar-eða sveitarsjóð þar, sem brotið er framið.

Með mál út af brotum gegn samþykkt eftir lögum þessum skal farið sem með opinber lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 16. marz 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.